

LIST 3CE05**Listasaga – Endurreisn**

Áfanginn er framhaldsáfangi í sögu á þriðja þrepi.

Undanfarar: Saga2AA05 og annar söguáfangi á öðru þrepi.

Stutt lýsing á efni áfangans:

Valáfangi í listasögu, þar sem fjallað er um listir og arkitektúr í vestrænni list sem spannar tímabilið frá miðöldum til háendurreisnar eða c.a. 1150 - 1500. Skoðuð verða mörg merkustu listaverk og arkitektúr Ítalíu, Feneýja, Niðurlanda og Þýskalands. Fjallað verður um kristilega list hámiðalda og mjög ítarlega verður farið í endurreisnarlist í myndlist, höggmyndum og arkitektúr, auk mikilvægra nýjunga í þróun listarinnar. Nemendur munu kynnst og læra um hefðbundna aðgreiningu í list miðalda og endurreisnar, sem byggir á því að listamenn hafi þróað listina smám saman frá trúarlegum verkum í veraldlega list. Þó kristileg list hafi aldrei lotið í lægra haldi fyrir hinni veraldlegu, fara endurreisnarlistmálarar að mála óhefðbundin myndefni. Nemendur munu kynnst og fjalla um suma af mikilvægustu og áhugaverðustu listamönnum sögunnar, kynnst verkum þeirra og skilja tengsl þeirra við samtíma sinn, auk þess að skilja sögulega þróun listarinnar á þessum tímabili.

Námsmat

Fyrirlestrar, tímaverkefni, nemendafyrirlestrar, heimildapættir, heimsóknir á listasöfn, hópverkefni og lokapróf.